

Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar

Skýrsla starfsársins 2012-2013

Ágætu Rótarýfélagar. 67. starfsár Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar er senn á enda. Þetta ár sem ég hef verið forseti klúbbsins hefur verið sérlega ánægjulegt og fljótt að líða.

Ég lít á það sem forréttindi að hafa fengið þetta tækifæri í lífinu. Að gegna trúnaðarstörfum fyrir klúbb sem er hluti af einni merkustu alþjóðahreyfingu okkar tíma. Kjörorð Rótarýhreyfingarinnar Service above self eða **Þjónusta ofar eigin hag** segir allt sem segja þarf.

Ef allir tileinkuðu sér fjórprófið sem við förum með í lok hvers fundar væri ástandið betra í heiminum.

Nú eru félagar í Rótarýhreyfingunni um 1,2 milljónir sem starfa í um 32. þúsund klúbbum í yfir 200 löndum.

Okkar klúbbur starfar eins og aðrir klúbbar á grundvelli alþjóðahreyfingarinnar sem hvílir á þjónustuhugsjóninni, en þjónustuleiðir Rótarý eru 5:

- Klúbbþjónusta
- Starfsgreinþjónusta
- Samfélagsþjónusta
- Alþjóðleg þjónusta
- Ungmennþjónusta

Í samræmi við grundvallarlög Rótarý eru nefndir í klúbbnum sem sinna eiga þessum 5 þjónustuleiðum, þ.e. klúbbþjónustunefnd, starfsþjónustunefnd, þjóðmálanefnd, alþjóðanefnd og æskulýðsnefnd. Það er mjög mikilvægt að félagarnir geri sér grein fyrir tengingu þjónustunefndanna við grunnstoðir Rótarýhreyfingarinnar.

Sakuji Tamaka heimsforseti 2012-2013 valdi sér einkunnarorðið Peace through Service sem Kristján Haraldsson núverandi umdæmisstjóri kaus að þíða “Þjónusta í þágu friðar”

Umdæmisþingið var haldið á Ísafirði og ásamt mér mætti Jóhannes Pálmi Hinriksson ritari sem fulltrúar klúbbsins.

Á alþjóðavettvangi ber hæst sem fyrr starfsemi Rótarýsjóðsins til að útrýma lömunarveiki en það verkefni er á loka sprettinum. Á síðasta starfsári var okkar framlag 50\$ á hvern féлага og ákvað núverandi stjórn að hafa það framlag óbreytt auk þess kom framlag frá Guðbjarti Einarssyni.

Verkefni í samfélagsþjónustu komst ekki til framkvæmda á starfsárinu. Stjórnin ákvað að taka þátt í samfélagsverkefni sem öldrunarnefnd Hafnarfjarðar stóð að. Sem er fólgið í því að láta smíða bekki við göngustíginn sem liggur meðfram strandlengjunni sem eru fjármagnaðir með frjálsum framlögum félagasamtaka og annarra. Okkar bekkur er númer 24 og er merktur klúbbnum.

Það kom í minn hlut fyrir hönd klúbbsins að afhenda Bæjarstjóra fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar skiltin með merkingu gönguleiða í upplandi Hafnarfjarðar að gjöf.

Klúbburinn hefur ekki verið með skiptinema undanfarin tvö ár, en stjórnin ákvað í samráði við viðtakandi stjórn að taka skiptinema í haust hún heitir Jessica Ruth Flemming. Hún kemur frá Sewickley sem er úthverfi frá Pittsburg í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum og er fædd 1997.

Við sendum í staðinn Jón Guðnason, son Guðna og Kristjönu sem fer til Frakklands sem skiptinemi. Jón er fæddur 1996.

Eins og áður veittum við nemendum sem skarað hafa framúr í skólum bæjarins viðurkenningar.

Haldið var eitt klúbbþing á starfsárinu þar sem kynntar voru tillögur stjórnarinnar um að matarverðið yrði innifalið í árgjaldinu. Eins og ykkur er kunnugt hafa umræður um þetta mál verið lengi í klúbbnum. Var það álit fyrri stjórna að þorri félaga yrði að vera samþykktur þessari breytingu. Þetta er þróun sem hefur átt sér stað innan klúbbana undanfarin ár og var svo komið að þorri Rótarýklúbba landsins voru komnir með þennan háttinn á. Nokkur umræða voru um tillögunina og voru allir sem til máls tóku henni hlyntir og var hún samþykkt án mótakvæða. Kom þetta til framkvæmda þegar seinni hluti árgjalda var innheimtur. Það þarf ekki að fara mörgum ördum um það hvað álagið á störf stillara og gjaldkera hefur minkað við þessa ráðstöfun, auk þess sem kostnaður vegna posaleigu og símakostnaðar hvarf. Það hefur verið mikið áhyggjuefni undanfarin ár hvað fundarsókn félagana hefur verið að dragast saman, en sú breyting hefur orðið að undanfarið misseri hefur þetta stórbatnað og tel ég að þessi breyting eigi stóran þátt í því.

Árleg sumarferð að þessu sinni var dagsferð til Þingvalla í fegursta haustveðri og skörtuðu haustlitirnir sínu fegursta. Nutum við leiðsagnar Margrétar Sveinbjörnsdóttur sem gjörþekkti staðin enda heimamaður frá Heiðarbæ. Pétur Óskarsson lánaði okkur rútu sem eiginmaður Ragnheiðar Bjarkar Guðmundsdóttir Ágúst Ágústsson ók snilldarlega. Guðmundur Þórðarson og Fríða Eyjólfsdóttir tóku á móti hópnum í sumarbústað þeirra hjóna. Var borðuð kjötsúpa og veitingar þáðir. Var þetta mjög vel heppnuð ferð í alla staði.

Ákveðið var að halda árshátíðina með öðrum hætti að þessu sinni og fara í Hörpuna og sjá óperuna La Traviata. Hátíðin hófst í Tilverunni með fordrykk þar sem Lögmenn Thorsplani búðu uppá fordrykk og snæddur þriggja rétta hátíðarkvöldverður. Farið var með rútu báðar leiðir. Þetta var mjög ánægjuleg kvöldstund í alla staði og skemmtu allir sér vel.

Vorferðin var hvalaskoðunarferð með bátnum Andreu í blíðskaparveðri, spegilsléttur sjór og fagurt útsýni til allra átta. Skoðaðir voru bæði hvalir og fuglar. Að sjóferðinni lokinni var snæddur hádegisverður á veitingastaðnum Höfn. Var þetta hin besta skemmtun í góðum félagsskap.

Þrír fyrrverandi forsetar klúbbsins voru gerðir að Paul Harris félögum Hallgrímur Jónasson, Haraldur Ólason og Hjördís Guðbjörnsdóttir.

Félagar klúbbsins eru nú 72. Fjórir nýir félagar gengu í klúbbinn og fimm hættu, þannig að það fækkaði um einn á starfsárinu. Mætingaprósenta félaga sem eru með yfir 50% mætingu var 67% fyrir áramót og 75% eftir áramót.

Mikilvægt er að eðlileg endurnýjun eigi sér stað í klúbbnum og eins að tryggja það að meðalaldurinn verði ekki of hár. Hvet ég alla félagar til að hafa augun opin fyrir fólki sem hefði áhuga á að ganga í klúbbinn.

Veigamesti hluti klúbbstarfsins eru vikulegu klúbbfundirnir. Það er mjög mikilvægt að þeir séu í föstum skorðum. Fundarefni á klúbbfundum hvílir algjörlega á herðum nefnda klúbbsins. Á þessu starfári hafa verið haldnir 45 fundir langflestir með fyrirlesurum og hefur fundarefni aldrei fallið niður. Í bæði skiptin sem fyrirlesari forfallaðist á síðustu stundu tókst að fá annan í staðinn. Fyrirlestrarnir hafa verið mjög áhugaverðir og hafa félagarnir fræðst um ýmislegt sem þeir höfðu ekki hugmynd um. Vil ég færa nefndarmönnum þakkir fyrir frábæra frammistöðu við að útvega mjög góða fyrirlesara.

Þriggja mínútna erindin hafa verið fjölbreytt og oft á tíðum veitt manni innsýn í líf og áhugamál félaganna.

Undanfarin 5 ár höfum við verið þeirrar gæfu aðnjótandi að einn félagi okkar Haraldur Reynir Jónsson hefur leigt okkur þennan fundarstað og hefur leigan verið óbreytt í 5 ár, þannig að það er ekkert óeðlilegt þótt það komi til hækkunar nú. Þessi salur er að mínu viti flottasti fundarstaður bæjarins og þótt víðar væri leitað og sem betur fer verður framhald á því.

Veitingastaðurinn Tilveran hefur séð um matinn undanfarin ár, maturinn hefur bæði verið góður og fjölbreyttur. Matarverðið hefur verið óbreytt síðan og hefur ekki verið farið fram á hækkun. Samstarfið við veitingamanninn hefur verið mjög gott og hnökralaust.

Umgjörð fundanna og skipulag er að mínu viti lykillinn að því að félögunum líði vel á fundunum og það sé fræðandi og skemmtilegt að vera í rótarý.

Ég vil þakka félögunum fyrir hlýlegt viðmót í minn garð, stjórninni fyrir mjög ánægjulegt samstarf á starfsárinu. Þetta hefur verið mjög ánægjulegt tímabil og óska ég okkur öllum góðs gengis og starfsemi klúbbsins megi verða öflug á komandi árum.

Steingrímur Guðjónsson, forseti 2012 - 2013